



Varðar starfsmannamál grunnskóla

Í tilefni af nýjum lögum um grunnskóla og lögum um menntun og ráðningu kennara og skólalögjörndenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla sem tóku gildi þann 1. júlí 2008 sem og nýjum ákvæðum í kjarasamningum kennara og skólalögjörndenda um réttindi og skyldur er rétt að vekja athygli á nokkrum atriðum sem varða starfsmannamál grunnskóla.

Lög um grunnskóla

Nýju grunnskólalögin eru nr. 91/2008. Þau koma í stað eldri laga um grunnskóla nr. 66/1995. Í III. kafla nýju grunnskólalaganna eru ákvæði um starfsfólk grunnskóla. Þar er m.a. kveðið á um eftirfarandi atriði:

Menntunarskilyrði: Um skilyrði þess að hljóta ráðningu sem skólalögjörndi eða kennari í grunnskóla fer samkvæmt gildandi lögum þar um, þ.e. lögum um menntun og ráðningu kennara og skólalögjörndenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Sjá nánar 2. mgr. 11. gr. grunnskólalaga.

Kynferðisbrot: Óheimilt er að ráða til starfa við grunnskóla einstakling sem hlotið hefur refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga um kynferðisbrot. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólalögjörndara til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Sjá 3. mgr. 11. gr. grunnskólalaga. Til að auðvelda framkvæmd þessa ákvæðis hefur Samband íslenskra sveitarfélaga útbúið fyrirmynd að eyðublaði sem sveitarfélög geta notað í þessu skyni.

Símenntun: Að frumkvæði skólalögjörndara mótar hver skóli áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks þar skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Kennarar og skólalögjörndara grunnskóla skulu eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína. Þeir skulu einnig eiga kost á námsleyfum. Sjá 3. og 4. mgr. 12. gr. grunnskólalaga.

Skyldur: Starfsfólk grunnskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviseksemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki. Sjá 1. mgr. 12. gr. grunnskólalaga.

Þagnarskylda - tilkynningarskylda: Starfsfólk grunnskóla skal gæta fyllstu þagnarskyldu um hagi barna og foreldra þeirra, sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum. Þagnarskyldan nær þó ekki til atvika sem ber að tilkynna lögum samkvæmt. Skólalögjörndari skal brýna skyldur þessar fyrir starfsfólki og sérstaklega tilkynningarskylda þess samkvæmt barnaverndarlögum. Sjá 2. mgr. 12. gr. grunnskólalaga.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólalögjörndenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla

Lögin um menntun og ráðningu kennara og skólalögjörndenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eru nr. 87/2008. Þau koma í stað eldri laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólalögjörndara nr. 86/1998 (svonefndra lögverndunarlaga).

Með lögum þessum eru starfsheiti og starfsréttindi kennara og skólalögjörndenda grunnskóla lögvernduð líkt og í eldri lögum. Í því felst m.a. að réttur til að nota starfsheitið grunnskólakennari



takmarkast við þá sem fengið hafa til þess leyfi menntamálaráðherra¹. Slíkt leyfi fá þeir einir sem lokið hafa meistaranámi á fræðasviði til kennslu á grunnskólastigi² eða öðru skilgreindu námi samkvæmt 4. gr. laganna og uppfylla þannig ákveðin menntunarskilyrði.

Til þess að fá ráðningu við grunnskóla sem grunnskólakennari, aðstoðarskólustjóri og skólustjóri þarf viðkomandi að hafa leyfi/leyfisbréf fyrir starfsheitinu grunnskólakennari. Auk leyfisbréfsins þarf viðkomandi að hafa viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á grunnskólastigi til þess að fá ráðningu í tvö síðarnefndu störf. Sjá nánar 1. mgr. 11. gr. og 12. gr. laganna.

Mönnun kennslustarfa (leiðbeinendur): Líkt og áður er í undantekningartilvikum heimilt að ráða tímabundið til kennslustarfa, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem ekki hefur leyfisbréf sem grunnskólakennari. Skólustjóri þarf að sækja um heimild fyrir að lausráða viðkomandi einstakling hjá undanþágunefnd grunnskóla hjá menntamálaráðuneytinu (eyðublöð fyrir umsóknir eru á vef ráðuneytisins). Ekki þarf að leita til undanþágunefndar þegar um er að ræða 240 mínútur eða færri á viku í kennslu fyrir sérfræðing³.

Hægt er að sækja um heimild til undanþágunefndar ef:

- enginn með leyfisbréf sem grunnskólakennari sækir um auglýst kennslustarf þrátt fyrir endurtekna auglýsingu. Undanþágunefnd er heimilt að víkja frá kröfu um endurtekna auglýsingu þegar sótt er um undanþágu til að endurráða einstakling sem er í námi til kennsluréttinda (ein auglýsing er nauðsynleg áður en sótt er um heimild til endurráðningar í slíkum tilvikum).
- hvorki skólustjóri né að minnsta kosti tveir skólanefndarmenn mæla með því að umsækjandi með leyfisbréf sem grunnskólakennari verði ráðinn.

Ráðningar þessar mega að hámarki vera til eins árs í senn. Gerður skal sérstakur tímabundinn ráðningarsamningur með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti sem er þó einn mánuður á fyrstu þremur mánuðum í starfi (fyrirmynd að slíkum samningi er hægt að nálgast á vef sambandsins). Einstaklingur án leyfisbréfs sem grunnskólakennari verður ekki endurráðinn til kennslustarfa nema að undangenginni auglýsingu og nýrri heimild frá undanþágunefnd. Sjá nánar um undanþágunefndina og störf hennar í 18. gr. laganna.

Ný kjarasamningsákvæði um réttindi og skyldur kennara og skólustjórnenda grunnskóla

Við síðustu kjarasamningagerð Launanefndar sveitarfélaga (LN) og Kennarasambands Íslands (KÍ) vegna grunnskóla voru gerðir tveir samningar, annars vegar vegna Félags grunnskólakennara og hins vegar vegna Skólustjórufélags Íslands. Í báðum samningunum er að finna nýja kafla um réttindi og

¹ Menntamálaráðherra veitir slíkt leyfi en hann getur falið háskólum, sem hlotið hafa viðurkenningu á grundvelli laga um háskóla og sinna menntun kennara eftir samningi við ráðuneytið, að annast útgáfu leyfisbréfa samkvæmt lögum. Sjá 4. mgr. 21. gr.

² Grunnskólakennarar með eldri leyfisbréf halda fullum réttindum, sbr. 2. mgr. 22. gr. Krafan um meistaraþróf tekur ekki til þeirra sem hófu nám fyrir gildistöku laganna, sbr. 2. mgr. 23. gr. Samkvæmt upplýsingum á vefsíðunni nymenntastefna.is munu þeir sem innritast í kennaranám á árinu 2008 ljúka námi skv. eldri lögum en þeir sem innritast eftir það samkvæmt nýjum lögum.

³ Þessi heimild til að fá sérfræðinga til starfa á einkum við um kennslustörf þar sem menntun og sérhæfing fastra kennara dugir ekki til, svo sem vegna mjög sérhæfðrar eða óvenjulegrar kennslu miðað við viðkomandi skólastig, t.d. kennslu í ákveðnum valgreinum á unglingastigi, kennslu í afmörkuðum þáttum lífsleikni og ýmis tilfallandi verkefni, sjá nánar greinargerð með frumvarpi því er varð að nefndum lögum. Í nefndarálitni menntamálanefndar segir að ekki sé eingöngu átt við háskólamenntaða sérfræðinga heldur sé grunnskólum veitt svigrúm til að fá til sín sérfróða einstaklinga á ákveðnu sviði, til dæmis ákveðinni starfsgrein eða tómtundaíðju. Þannig geti einstaklingur með mikla reynslu á ákveðnu sviði fallið undir ákvæðið.



skyldur starfsmanna (sjá 9. gr. og fylgiskjal IV). Þeir koma í stað ákvæða eldri laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla nr. 72/1996 sem féllu úr gildi þann 1. ágúst 2008, sbr. 4. mgr. 23. gr. laga nr. 87/2008.

Nýju samningsákvæðin um réttindi og skyldur starfsmanna (kennara og skólastjórnenda) eru að efni til mörgu leyti sambærileg eða áþekk ákvæðum eldri laga en sumum atriðum hefur þó verið breytt að meira eða minna leyti. Helstu breytingarnar eru eftirfarandi:

Auglýsing starfa: Almenn auglýsingaskylda er varðandi laus störf en með tilteknum undantekningum þó, þ.e. sé um afleysingu að ræða eða störf sem eiga standa 12 mánuði eða skemur eða tímavinnustörf. Auglýsing skal að lágmarki innihalda tiltekin atriði og birt á opinberum vettvangi. Með opinberum vettvangi er átt við dagblað sem borið er út á landsvísu eða sérstakt vefsvæði um laus störf hjá hlutaðeigandi sveitarfélagi⁴. Ef sveitarfélag hyggst ráða í starf með uppfærslu innan starfsgreinarinnar eða frá hliðstæðum starfsgreinum er heimilt að auglýsa á þeim vettvangi einum. Sjá nánar gr. 1.1.

Ráðning starfsmanna – reynslutími: Ráðningarsamningar skulu almennt vera ótímabundnir með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Fyrstu fjórir mánuðirnir í starfi eru reynslutími en þó er heimilt að semja um 5 mánaða reynslutíma í undantekningartilvikum. Við sérstakar aðstæður (t.d. vegna afleysinga) er heimilt að ráða starfsmann tímabundið til starfa. Tímabundin ráðning skal þó aldrei vara lengur en í 2 ár samfellt nema verklok séu fyrirfram ákveðin (t.d. ef fyrirséð er að afleysing muni vara í tiltekinn tíma sem er umfram 2 ár). Gerður skal skriflegur ráðningarsamningur við starfsmann við upphaf ráðningar (fyrirmynd að slíkum samningi er hægt að nálgast á vef sambandsins⁵). Sjá nánar gr. 1.2 og 1.3.

Áréttað skal að um svonefnda leiðbeinendur gilda sérstakar reglur varðandi ráðningartíma og fleira, sjá nánar það sem að framan segir um mönnun kennslustarfa samkvæmt lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Launagreiðslur: Starfsmaður sem er með ótímabundna ráðningu og starfað hefur samfellt í eitt ár hjá sveitarfélagi hefur rétt á að fá laun greidd fyrir fram óski hann þess. Nýir starfsmenn fara því almennt á eftirágreidd laun. Starfsmenn sem eru á fyrirframgreiddum launum þann 1. ágúst 2008 eiga rétt á að halda því fyrirkomulagi. Sjá nánar gr. 1.4.

Breytingar á störfum: Skylt er starfsmanni að hlíta því að starfssvið hans sé aukið eða því breytt, enda sé það nauðsynlegt vegna skipulagsbreytingar í viðkomandi starfsgrein eða af öðrum ástæðum. Ennfremur er honum skylt að taka við annarri sambærilegri stöðu, enda verði föst laun hans og starfsskilyrði ekki lakari við breytinguna. Sjá gr. 1.6. Grein þessi á ekki við þegar starfaskilgreiningu grunnskólakennara samkvæmt kjarasamningi er breytt með tilheyrandi áhrifum á röðun í launaflokk⁶. Starfshlutfalli samkvæmt ráðningarsamningi verður ekki breytt á grundvelli greinarinnar.

⁴ Í bókun um birtingu auglýsinga segir að aðilar muni á samningstímanum skoða og eftir atvikum setja á laggirnar sérstakt/sérstök vefsvæði fyrir auglýsingar á lausum störfum kennara og skólastjórnenda grunnskóla.

⁵ Í bókun um gerð samkomulags um skriflega ráðningarsamninga segir að aðilar stefni að gerð samkomulags um form ráðningarsamninga og skyldu til að upplýsa starfsmenn um ráðningarkjör. Sú fyrirmynd að ráðningarsamningi sem er nú á vefnum þarfnast lagfæringa í samræmi við ný kjarasamningsákvæði, t.d. varðandi reynslutíma og aukin uppsagnarfrest.

⁶ Hvað breytingar á starfaskilgreiningum varðar er rétt að benda á skýringarkassa með gr. 1.3.



Uppsögn og frávikning: Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er þrjú mánuðir að loknum reynslutíma en einn mánuðir á reynslutíma. Starfsmaður á rétt á lengri uppsagnarfresti ef honum er sagt upp störfum eftir a.m.k. 10 ára samfelldt starf hjá skóla (skólum sama sveitarfélags) hafi hann náð tilteknum aldri, þ.e. 4 mánaða frestur ef hann er orðinn 55 ára, 5 mánaða frestur ef hann er orðinn 60 ára og 6 mánaða frestur ef hann er orðinn 63 ára.

Ef fyrirhugað er að segja starfsmanni upp störfum vegna ávirðinga þarf uppsögn að grundvallast á skriflegri áminningu (þetta á þó ekki við ef viðkomandi er enn á reynslutíma). Áminning er því almennt nauðsynlegur undanfari starfsloka vegna ávirðinga. Í sérstökum undantekningartilvikum er þó heimilt að víkja starfsmanni frá starfi án þess að hann hafi verið áminntur áður og án uppsagnarfrests. Sjá nánar gr. 1.9 og gr. 1.8 um áminningu.

Sömu reglur gilda um starfslok starfsmanna sem skipaðir voru til starfa af menntamálaráðherra fyrir flutning grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga 1. ágúst 1996 og starfa enn á grundvelli slíkrar skipunar. Sjá nánar gr. 1.13. Rétt þykir að taka fram hér að starfssamband þessara einstaklinga grundvallast áfram á skipunarbréfum þeirra.

Biðlaun: Réttur til biðlauna vegna niðurlagningar starfs takmarkast við þá sem hófu störf fyrir 1. ágúst 2008 og hafa starfað óslitið síðan. Sjá nánar gr. 1.12.

Lífeyrissjóður: Skylduaðild er að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (á þó ekki við um tímakaupsfólk). Um iðgjald, mótframlag launagreiðanda og annað þar að lútandi fer eftir þeim lögum sem um sjóðinn gilda. Sjá nánar 12. kafla sem er aftast í fylgiskjali IV. með samningnum⁷.

Að lokum

Athygli er vakin á vefsíðu menntamálaráðuneytisins nymenntastefna.is. Þar er hægt að nálgast nýju lög og lögskýringargögn ásamt frekari upplýsingum auk þess sem hægt er að senda inn fyrirspurnir um einstök atriði, sjá nánar Spurt og svarað.

⁷ Samningsákvæði þetta byggir á 3. mgr. 3. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997. En aðild félagsmanna KÍ vegna grunnskóla að A-deild sjóðsins hefur fram til þessa verið samkvæmt ákvæði 1. til bráðabirgða með lögnum. Lífeyrissjóðsaðild eldri starfsmanna að B – deild sjóðsins er áfram samkvæmt 2. eða 3. mgr. 4. gr. nefndra laga nr. 1/1997.